

Hafrannsóknastofnun áréttar fyrri umsögn, en þar kemur m.a. fram:

"Það er mat Hafrannsóknastofnunar að öllu jöfnu ætti efni til framkvæmda ekki að sækja í virka farvegi vatnsfalla eða svo nálægt þeim að árvatn geti flætt í efnisnámur. Það á við um áhrif á lífríki í vatni almennt en á ekki síst vegna stöðu bleikjustofnsins ætti ekki að staðsetja umræddar námur í farvegi Hálsár. Hér er um stórfellt efnisnám að ræða sem hefur neikvæð áhrif á lífríki árinna verði það í farvegi hennar."